

í 10. gr., VII. tölulið, o-staflið og viðauka 1 með reglugerð þessari; klóramfeníkol, samtengd efnasambönd með verkan kynhormóna, skjaldkirtilslyf.“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 30. maí 1980.*

Svavar Gestsson.

*Páll Sigurðsson.*

13. maí 1980.

Nr. 273.

## AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af Vesturlandsvegi frá Fossá að Hvammsvík í Kjósarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12 þ. m. staðfest uppdrátt af Vesturlandsvegi frá Fossá að Hvammsvík í Kjósarhreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Kjósarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1980.*

**F. h. r.**

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

2. maí 1980.

Nr. 274.

## SAMÞYKKT

um sorpheimtu á Selfossi.

1. gr.

Bæjarstjórn sér um að flytja reglulega sorp og úrgang frá íbúðarhúsnæði og opinberum þjónustubyggingum innan skipulagðra svæða á Selfossi, sbr. þó 5. gr.

Flutning sorps og úrgangs frá atvinnuhúsnæði og húsnæði utan skipulagðra svæða annast húseigendur sjálfir á sinn kostnað nema annað sé sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

2. gr.

Sorp og úrgang, sem fellur til daglega skal setja í sérstakt sorpilát, sem bæjarfélagið lætur í té.

Þar sem notast er við pokakerfi skal komið fyrir sérstökum grindum eða tunnum og skulu húseigendur leggja það til og kosta. Lok skulu vera á öllum sorpilátum nema þar sem grindur eru undir sorprenum.

Um gerð, frágang og staðsetningu sorpgeymslna, sorpgrinda, sorptunna og sorpkista skal farið að fyrirmælum byggingafulltrúa og bygginganefndar annars vegar og heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar hins vegar.

Húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum, sorpkistum og sorptunnum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

### 3. gr.

Húseiganda ber að sjá um, að húsi hans fylgi nægjanlega mörg sorpilát, sem endurnýjuð séu eftir þörfum. Skal hverju húsi fylgja a. m. k. eitt ílát fyrir hverja íbúð. Frá ákvæði þessu má víkja í fjölbýlishúsum með sérstakar sorpgeymslur enda sé frágangur allur með samþykki heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar.

Húseiganda ber sjálfum að skipta um poka fyllist þeir milli tæminga, og ganga þannig frá þeim að sorp hrynji ekki úr þeim.

### 4. gr.

Blautt sorp skal sett innpakkað í sorppokana. Glerbrot og aðra oddhvassa hluti má eigi setja í sorppoka nema þannig sé búið að ekki sé hætt á að rífi pokann eða slysaætta geti af stafað fyrir hreinsunarmenn. Heyi af lóðum skal komið fyrir í sorppokum hjá íláti. Pappaumbúðir og annað slíkt skal binda í búnt og koma fyrir við sorpilát.

### 5. gr.

Mold, grjót, járn, timbur, múrbrot, stærri trjágreinar og annað þess háttar má aldrei setja í sorppokana og ber húseigendum sjálfum að sjá um flutning slíks svo og flutning á húsmunum og öðrum stærri hlutum, sem þeir vilja losa sig við, sbr. þó 7. gr.

### 6. gr.

Flutningur sorps skal að jafnaði fara fram einu sinni í viku. Einu sinni á ári skal fara fram flutningur á garðsorpi og öðrum úrgangi, sbr. 5. gr. húseigendum að kostnaðarlausu. Skal sá flutningur fara fram að vori og skal heilbrigðisnefnd rækilega auglýsa fyrirkomulag og tímasetningu flutninganna.

### 7. gr.

Við flutning á hvers konar sorpi, úrgangi, jarðefnum og öðrum lausum efnum, skal þess gætt að þannig sé um flutninginn búið að eigi sé hætt á að hann fjúki eða falli af flutningstæki. Skytt er að hafa palla bifreiða og annarra flutnings-tækja lokaða að aftan auk hárra hliðarborða.

### 8. gr.

Að jafnaði skal vera gæslumaður við sorphauga bæjarins, þegar þeir eru opnir til losunar. Hlíta skal fyrirmælum gæslumanns um losun og alla umgengni.

Bannað er að afgreiða og flytja burt eitt eða neitt, sem losað hefur verið á sorphauga.

Heilbrigðisnefnd getur ákveðið nánar um flutning, móttöku og frágang sorps á sorphaugum og í sorpeyðingarstöð og á hvaða tíma tekið er á móti sorpi.

### 9. gr.

Brjótí húseigendur ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu hreinsunarmenn tilkynna það heilbrigðisfulltrúa. Sé um að ræða brot að mati heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar skal nefndin hlutast til um að húseiganda verði gert að ráða þar bót á innan ákveðins tíma. Bæti húseigandi ekki úr innan þess tíma, eru hreinsunarmenn ekki skyldugir að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt.

Húseigendum ber að snúa sér til heilbrigðisfulltrúa með kvartanir sínar séu þær ekki teknar til greina af hreinsunarmönnum.

Hreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, eða varðhaldi ef miklar sakir eru. Sinni aðili ekki innan tiltekins frests fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkv. reglugerð þessari, getur hún ákveðið honum dagsektir allt að kr. 2 000 þar til úr er bætt. Dagsektir renna í bæjarsjóð.

## 11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

## 12. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Selfoss staðfestist hér með samkvæmt l. nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 2. maí 1980.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108,  
10. febrúar 1977, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

**Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:**

- a) Fastagjald kr. 1 362.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.  
b) Vatnsgjald kr. 3 445.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemilsins, sem skiptist þannig:

Flutningagjald .....	kr. 1 150.00
Heitt vatn .....	— 2 295.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss: (utanmál) m <sup>3</sup>	Heimæðargjald
Allt að 600	897 187.00
600—2000	897 187.00 fyrir 600 m <sup>3</sup> + 559 kr. m <sup>3</sup> þar yfir.
2000—6000	1 679 787.00 fyrir 2000 m <sup>3</sup> + 480 kr./m <sup>3</sup> þar yfir.
6000—10000	3 599 787.00 fyrir 6000 m <sup>3</sup> + 417 kr./m <sup>3</sup> þar yfir.
Meira en 10000	5 267 787.00 fyrir 10000 m <sup>3</sup> + 368 kr./m <sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum að mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 75 224.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins sky. þágildandi gjaldskrá.